

Pétur Ingi Haraldsson,
Skipulagsfulltrúi
Laugarvatn
840



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. maí 2009
Tilvísun: UST20090300147/ksj

Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu er barst 30. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um auglýsta tillögu að aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps.

Skógrækt

Í stefnumörkun stjórnvalda til 2020 **Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi**, kemur fram að: „*Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.*“ Að mati Umhverfisstofnunar er þar af leiðandi mikilvægt að ekki sé verið að ryðja náttúrulegan birkiskóg við skógrækt hér á landi. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt skýrslu Umhverfissráðuneytisins **Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga** er gefin var út í mars 2007 er skilgreining birkiskógar eftirfarandi: „*Birkiskógur er land þar sem birki er ríkjandi plöntutegund í gróðurfari óháð hæð, krónuþekju og stærð svæðis.*“ Umhverfisstofnun bendir sérstaklega á að á skógræktarsvæði nr. S 22 í landi Snæfoksstaða er vöxtulegur birkiskógur og í samræmi við stefnu stjórnvalda um að vernda birkiskóg, ætti ekki að skerða umræddan skóg í þeim tilgangi að rækta annars konar trjátegundir.

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að í ofangreindri skýrslu Umhverfissráðuneytisins eru tillögur ásamt greinargerð þar sem segir *“Fyrir framtíð birkivistkerfisins á Íslandi telur nefndin mikilvægt að vernda birkiskóga sem fyrir eru og auka útbreiðslu þeirra.”* Lögð er áhersla á að *“Gamlir íslenskir birkiskógar eru auðlind, sem fela í sér bæði náttúru og nýtingararfleifð sem ekki er annars staðar að finna.”* Umhverfisstofnun undirstrikar að verndargildi og útivistargildi birkiskóga er mikið og minnir á að náttúrulegir birkiskógar þekja nú aðeins 1,2% af landinu eða um 1200 km², sem er einungis um 5% af áætluðu flatarmáli þeirra við landnám. Samkvæmt 39. gr. laga um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. grein reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000 er: „*Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi*

óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar ...“.

Í því samhengi bendir Umhverfisstofnun á að skógrækt á ekki heima á slíkum landslagsgerðum og þá sérstaklega ekki á eldvörpum, gervígum og eldhrauni, en mikið er af slíkum jarðmyndunum í sveitarfélaginu Grímsnes- og Grafningshreppur. Umhverfisstofnun telur að aðalskipulagið þurfi að endurspegla stefnu stjórnvalda og framangreind ákvæði reglugerðar um skógrækt.

Efnisnámur

Umhverfisstofnun telur ástæðu til að ítreka að náma merkt E 11 sem er við Snæfoksstaði, er gömul náma þar sem Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að stunda efnisnám. Fyrir liggur neikvæð umsögn stofnunarinnar um námuna frá 19. maí 2008. Þar kemur fram að efnistaka í ofangreindri námu er í jarðmyndun sem nýtur verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 urn náttúruvernd. Stofnunin telur að efnistaka í námunni muni hafa verulega neikvæð sjónræn áhrif á Tjarnarhóla og næsta nágrenni þar með talið Kerið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að dæmi er um að námur séu merktar inn á aðalskipulagstillöguna sem Vegagerðin er búin að loka og ganga frá eins og t.d. E 25. Þar af leiðandi þyrfti að endurskoða námur merktar inn á aðalskipulagstillöguna. Umhverfisstofnun telur að efnisnámur á aðalskipulagi eigi að endurspegla þá efnispörf sem fyrirsjáanleg er í sveitarfélaginu á gildistíma aðalskipulagsins sem er í ofangreindu tilviki er til 2020.


Umhverfisstofnun ítrekar að öðru leyti sína fyrri umsögn sem er dagsett 18. september 2008.

Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um hverfisverndarsvæði er fram kemur á þemakorti 7 yfir verndarsvæði.

Virðingarfyllst



Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun